

## **Sjálfsmatsskýrsla 2015 – 2016**

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu .....	3
1.2	Almenn stefna og markmið .....	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans .....	4
2.1	Viðhorfskönnun meðal nýnema (árgangur 1999) .....	5
2.2	Miðannarmat, rýnihópar nemenda og foreldra .....	9
2.3	Mat á verkefnatímum.....	9
2.4	Matsfundir, mat á kennslu .....	10
2.5	Brotthvarf .....	11
2.5.1	Erkiumsýja.....	11
2.5.2	Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu.....	12
2.5.3	Formleg skráning brotthvarfs .....	12
2.6	Rýnihópur nemenda sem kom vel út á miðannarmati.....	13
2.7	Viðhorfskönnun .....	13
2.8	Mat á umsjónarkennarakerfinu.....	15
3	Tölulegar upplýsingar .....	16
4	Aðgerðir til úrbóta .....	18

## 1 Inngangur

### 1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugum félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

### 1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

### 1.3 Starfsfólk

Á vorönn 2016 voru starfsmenn 40 í 37 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2014	V2015	H2015	V2016
<b>Stjórnendur</b>	2	2	2	2
<b>Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu</b>	6	6	6	6
<b>Kennarar</b>	26	27	29	29
<b>Stuðningsfulltrúar</b>	2	2	1	1
<b>Mötuneyti</b>	2	2	2	2
<b>Alls:</b>	<b>38</b>	<b>39</b>	<b>40</b>	<b>40</b>

Tafla 1 fjöldi starfsfólks

## 2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008)


<http://www.fmos.is/skolinn/sjalfsmat/sjalfsmatskerfi-fmos/> og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og tveir kennarar sem kosnir eru á kennarafundi til tveggja ára í senn. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Sjálfsmatsáætlun áráanna 2016-2019 má sjá á vef skólans <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>

## 2.1 Viðhorfskönnun meðal nýnema (árgangur 1999)

Á haustönn 2015 var lögð fyrir viðhorfskönnun meðal nýnema, samtals 91 nemandi. Spurt var um líðan nemenda í skólanum, hvernig þeim líkar við kennsluaðferðirnar, um áhuga þeirra á þátttöku í félagslífinu og fleira. Starfsfólki voru kynntar niðurstöður á kennarafundi. Könnunin var lögð fyrir í október og svarhlutfallið var 56%.


Mynd 1 ánægja með að vera í FMOS

### 1. Ertu ánægð/ ánægður með að vera í FMOS?



Mynd 2 Líðan í skólanum


### 2. Hvernig líður þér í skólanum?



Mynd 3 áhugi á þátttöku í félagslífi

3. Hefur þú áhuga á að taka þátt í félagslífi nemendafélags FMOS?


---



Mynd 4 félagar í skólanum


4. Áttu féлага í skólanum?

---



Mynd 5 kennsluaðferðir


5. Hvernig líkar þér við kennsluaðferðir FMOS?



□


Mynd 6 umsagnir

6. Lest þú umsagnir/athugasemdir sem þú færð fyrir verkefni í náminu?




Mynd 7 Inna og kennsluferfið

7. Hvernig gengur að læra á Innu og kennsluferfið?



Mynd 8 fundur með umsjónarkennara

9. Hefurðu átt fund með umsjónarkennaranum þínum?



Nemendur voru spurðir hvert þeir myndu leita ef þeir þyrftu aðstoð með námið. 84% nemenda sögðust leita til kennara, námsráðgjafa eða foreldra og 16% sögðust leysa málið sjálf.



## 2.2 Miðannarmat, rýnihópar nemenda og foreldra

Í október voru settir af stað rýnihópar nemenda og foreldra til að ræða miðannarmat. Tekið var 15 nemenda úrtak og 4 mættu. Spurt var um hvort nemandi skoði miðannarmatið, hvort hann viti hvar hann geti fundið það, hvernig það nýtist, hvort það hafi áhrif á hann, hvernig er að lesa úr því og hvort það sé eitthvað sem þarf að bæta. Nemendur voru sáttir með miðannarmatið eins og það er og fannst það gagnlegt. Ekki komu fram neinar tillögur um úrbætur.

12 foreldrar fengu boð um þátttöku í rýnihópi og 5 mættu. Spurt var um hvort foreldrar skoði miðannarmatið, hvernig þeir upplifðu aðgengi að miðannarmatinu, gagnsemi þess, hvernig þeim þætti að lesa úr því og hvort þeir teldu að nemendur nýttu sér matið. Foreldrar voru almennt jákvæðir gagnvart miðannarmatinu, flestir höfðu skoðað það og fannst aðgengið gott. Þeir töldu miðannarmatið vera gagnlegt, bæði fyrir sig og nemendur. Foreldrum fannst einfalt að lesa úr miðannarmatinu og töldu að bæði nemendur og foreldrar nýttu sér matið.

## 2.3 Mat á verkefnatímum

Farið var í verkefnatíma vikuna 9.-13.11.2015, farið var í alla klasa og nemendur sem voru í klösunum taldir óháð því sem þeir voru að gera.

Klasi	Fjöldi nemenda
<b>Erlend tungumál</b>	7-16
<b>Félags- og hugvísindi</b>	5-15
<b>Íslenska</b>	6-16
<b>Raungreinar</b>	3-12
<b>Sérnámsbraut og listgreinar</b>	6-15
<b>Stærðfræði</b>	10-23

Tafla 2 fjöldi nemenda í verkefnatímum

Nemendur voru almennt ánægðir með verkefnatímana en misjafnt er hvernig þeir nýttu þá. Margir notuðu tímana í tengslum við námið en aðrir notuðu þá frekar sem hvíld eða uppbrot á vinnudeginum. Flestir sem nýttu verkefnatíma sögðust mæta að jafnaði

tvisvar í viku. Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeim litist á að verkefnatímar yrðu teknir úr töflu voru sammála um að það væri ekki góð hugmynd.

Kennarar voru sammála um að verkefnatímar væru misvel nýttir, helst að þeir væru nýttir í tengslum við stór verkefni, sumir nemendur væru að mæta til að fá staðfestingu á að þeir væru á réttri leið, eða bara til að spjalla. Kennarar telja að þeir nemendur sem þurfa mest á tímunum að halda séu ekki endilega að nýta sér þá. Það kom einnig fram í máli kennara að nemendur líta ekki endilega á verkefnatíma sem hluta af kennslutímanum. Nokkrir kennarar nefndu að þeir myndu sakna svigrúmsins sem verkefnatíma gefa ef þeir yrðu fjarlægðir.

#### 2.4 Matsfundir, mat á kennslu

Kennslumat var framkvæmt bæði á haustönn 2015 og vorönn 2016 hjá um það bil þriðjungi kennara, í rúmlega 30 hópum. Matið var í formi funda þar sem stjórnendur hittu nemendahópa og gáfu þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað var eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar og þær ræddar á fundi með stjórnendum.

Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Reynslan af þessari aðferð samanborið við spurningarlista er að skoðanir nemenda á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregðast við því sem þeir benda á. Þær ábendingar sem komu fram voru ræddar einslega við hvern kennara fyrir sig og leiðir til úrbóta ákveðnar í sameiningu.

Í lok hvers fundar fá nemendur tækifæri til að koma með hugmyndir og ábendingar um annað sem þeim finnst skipta máli í skólastarfinu.


Nemendur lýsa almennt mikilli ánægju með kennsluhætti skólans og upplifa samband nemenda og kennara á mjög jákvæðan hátt. Margar gagnlegar ábendingar komu fram, það var t.d. bent á að lítill munur væri á kröfum áfanga á 2. og 3. þrepi. Kallað var eftir fjölbreyttara áfangaframboði og aukinni þjónustu við nemendur t.d. með lesblindu. Mötuneytið fær yfirleitt jákvæða umsögn hjá nemendum og þeir komu með ábendingar um það sem betur mætti fara. Þeir óskuðu eftir að fá fleiri sæti í matsalinn og uppröðun borða yrði breytt. Þeir óskuðu eftir betra aðgengi að glösum og kölluðu eftir því að hafragrautur væri í boði á morgnana. Bent var á að umgengni væri ábótavant, sérstaklega á salernum

skólans. Kallað var eftir fleiri ruslafötum. Ýmsar ábendingar komu fram varðandi stundatöfluna og Innu. Bent var á að Miðja nýttist ekki sem skyldi og best væri að taka hana út úr stundatöflunni. Á haustönn var tekið í notkun kennslukerfið í Innu samhliða Moodle, kennarar fengu að velja hvort þeir notuðu. Nemendur kvörtuðu undan því að erfitt væri að vera með tvö kerfi í gangi. Meirihluti nemenda sagðist frekar kjósa að nota Innu sem kennslukerfi.

## 2.5 Brotthvarf

Brotthvarf í FMOS hefur frá upphafi verið mikið sé reiknað út frá loknum einingum nemenda, sjá mynd 9. Eitt af markmiðum skólasamningsins var að minnka brotthvarf og það yrði ekki meira en 18% fyrir árslok 2017. Þessu markmiði hefur nú verið náð, á vorönn 2016. Þær leiðir sem voru valdar til að ná þessu markmiði voru m.a. ný útfærsla á umsjónarkerfi, erkiumsjón og brotthvarfsskimun. Á haustönn 2015 var einnig ákveðið að nemendur væru almennt ekki skráðir í fleiri einingar en þeir höfðu lokið árinu á undan.

Mynd 9 brotthvarf 2014-2016



### 2.5.1 Erkiumsjón

Markmið verkefnisins var að þróa umsjónarkerfi sem veitir nemendum um og yfir tvítugt og hafa átt erfitt uppdráttar í framhaldsskóla stuðning til að ná betri árangri. Þeir nemendur sem fengu tilboð um að taka þátt í verkefninu, áttu það sameiginlegt að hafa ekki haldið sama námshraða og jafningjar þeirra og ekki var talið að námsörðugleikar væru megin orsök

Þess. Alls hafa 32 nemendur nýtt sér tilboðið frá því að verkefnið hófst og að jafnaði eru nemendur að ljúka 5 einingum meira eftir að þeir koma inn í verkefnið.

### 2.5.2 Brotthvarfsskimun - könnun á brotthvarfshættu

Skólinn tók, eins og undanfarin ár, þátt í að leggja fyrir brotthvarfsskimun á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins haustið 2015. Brotthvarfsskimunin var lögð fyrir hjá öllum nýnemahópnum, nemendur fæddir 1999, svör fengust frá 81 nemanda. Skimunin var lögð fyrir í vikunni 7.-19. október 2015. Í kjölfarið var 11 nemendum boðið viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og allir nýttu sér það tilboð.

### 2.5.3 Formleg skráning brotthvarfs

Undanfarin ár hefur farið fram formleg skráning á ástæðum brotthvarfs nemenda úr skólanum. Niðurstöður úr þeirri skráningu má sjá í töflu 3.

Ástæður brotthvarfs	Haust 2015		Vor 2016	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	2	6,4%		
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður				
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	3	9,6%	2	5,7%
Nám of erfitt	1	3,3%		
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Eineltili				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	8	26%	15	42,8%
Veikindi barna				
Fór í annan skóla	1	3,3%		
Líkamleg veikindi	2	6,4%	1	2,9%
Persónulegar ástæður	3	9,6%	1	2,9%
Neysla/meðferð				

Andleg veikindi	6	19,3%	3	8,5%
Annað	5	16,1%	13	37,2%
Samtals	31	100%	35	100%

Tafla 3 ástæður brotthvarfs

## 2.6 Rýnihópur nemenda sem kom vel út á miðannarmati


Á vorönn 2016 var ákveðið að setja saman rýnihóp nemenda með það að markmiði að kanna hvort þeir nemendur sem fengu G á miðannarmati og eru með góðan námsferil fái þjónustu við hæfi og hvort námsframboðið sé nægjanlegt. Úrtakið var 25 nemendur, fæddir 1996-1999 og þess var gætt að hafa jafnt kynjahlutfalli og að allar brautir ættu fulltrúa í hópnum. Alls var 15 nemendum boðið að taka þátt. Nemendum var skipt í tvo hópa og samtals tóku 10 nemendur þátt. Umræður um námsframboð sýndu að nemendum finnst að það mætti vera meira framboð af raungreinum. Einnig óskuðu nemendur eftir að boðið væri upp á kennslu í fleiri tungumálum og gott væri að hafa fleiri hagnýta áfanga eins og hagfræði, bókfærslu, lögfræði o.fl. Nemendum fannst vanta meira fyrir metnaðarfulla nemendur. Nemendur voru almennt ánægðir með þjónustuna og sögðu að aðgengi að kennurum væri gott. Hópurinn var sammála um að kennsluaðferðir skólans væru góðar en skiptar skoðanir voru á því hversu mikla áherslu á að leggja á próf til að undirbúa nemendur betur fyrir háskólanám. Í samtölum við rýnihópana kom fram að sumir nemendur eru óöruggir með stöðu sína í áföngunum þar til í lok annar og kölluðu eftir einkunnum. Aðrir sögðu að þeir vildu heldur umsagnir og töldu að þær hjálpuðu til þeim við framvindu námsins. Spurt var um hvert nemendur stefna að loknu námi í FMOS, hluti hópsins sagðist stefna beint í háskólanám og aðrir á vinnumarkað. Einn nemandi sagðist hafa áhyggjur af nemendum sem gera lítið en útskrifast engu að síður.

## 2.7 Viðhorfskönnun


Á vorönn 2016 var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda. Spurt var um upplifun nemenda af kennslunni, kennsluaðferðum, námsmati, vinnuálagi, líðan í skólanum og hvar þeim finnst best vinna verkefni á milli kennslustunda. Þær breytingar voru gerðar á viðhorfskönnuninni að tvær spurningar voru hafðar opnar og í þeim voru nemendur annars vegar beðnir um að lýsa kennsluaðferðum í FMOS og hins vegar hvernig þeir nýta umsagnir sem þeir fá fyrir verkefni. Nemendur lýsa kennsluaðferðum skólans sem fjölbreyttum, öðruvísi, skemmtilegum og sem

mikilli hópavinnu. Einhverjir lýstu áhyggjum yfir hvort námið væri nægjanlega góður undirbúningur fyrir háskólanám, t.d. prófaundirbúningur. Fram kom að nemendum finnst óþægilegt að fá ekki tilkynningu þegar kennari gefur þeim umsögn og nokkrum fannst þeir fá lítið af umsögnum, þær væru frekar ef um stór verkefni væri að ræða. Sumum fannst umsagnir óþarfar og vilja frekar fá einkunnir á meðan aðrir segja að umsagnir hjálpi þeim að bæta verkefni sín. Myndir 10-13 sýna niðurstöður viðhorfskannana síðustu anna. Svarhlutfallið var 40%


Mynd 10 líðan nemenda




Mynd 11 vinnuálag



Mynd 12 bestu vinnusvæðin utan kennslustunda



Mynd 13 bestu vinnusvæðin í kennslustundum



## 2.8 Mat á umsjónarkennarakerfinu

Á haustönn 2014 var umsjónarkennarakerfið endurskipulagt. Auglýst var eftir kennurum sem hefðu áhuga á að sinna umsjónarkennarastarfinu fyrir tvo yngstu árganga skólans. Greitt er sérstaklega fyrir þessa vinnu. Hver umsjónarkennari er með á bilinu 15-20 nemendur í sinni umsjón.

Á vorönn 2015 voru fengnir tveir hópar nemenda til að meta gæði þessa kerfis. Nemendur voru spurðir hve oft þeir hittu umsjónarkennara sinn og hvernig hann nýtist þeim. Algengast

var að nemendur hittu umsjónarkennara sinn tvisvar á önn í einstaklingsviðtölum. Nemendur voru sammála um að það væri mjög gagnlegt að hafa umsjónarkennara og að þeir fengju viðtæka aðstoð bæði í persónulegum málum og námstengdum málum. Það kom fram að nemendum finnst það hafa góð áhrif að umsjónarkennarinn er að fylgjast með þeirra málum og gera athugasemdir þegar það á við. Nemendum fannst ekki mikilvægt að umsjónarkennari þeirra væri einnig að kenna þeim.

### 3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2014	V2015	H2015	V2016
<b>KK</b>	197	182	203	187
<b>KVK</b>	168	162	176	172

Tafla 4 skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2014	V2015	H2015	V2016
<b>1956-1980</b>	3	3	3	3
<b>1981-1990</b>	20	11	7	6
<b>1991</b>	14	7	6	4
<b>1992</b>	14	9	8	4
<b>1993</b>	30	24	21	20
<b>1994</b>	41	29	22	17
<b>1995</b>	50	41	25	22
<b>1996</b>	52	61	43	40
<b>1997</b>	48	67	69	64
<b>1998</b>	93	92	82	87
<b>1999</b>			93	92
<b>Alls:</b>	<b>365</b>	<b>344</b>	<b>379</b>	<b>359</b>

Tafla 5 skipting nemenda eftir fæðingarári



Heiti brautar	H2014	V2015	H2015	V2016
<b>Almenn námsbraut</b>	60	42	76	58
<b>Félags- og hugvísindabraut</b>	123	107	91	86
<b>Hestabraut</b>	19	15	18	12
<b>Listabraut</b>	39	43	29	25
<b>Íþrótt- og lýðheilsabraut</b>	19	19	20	17
<b>Náttúruvísindabraut</b>	60	65	65	61
<b>Opin stúdentsbraut</b>	34	43	69	89
<b>Sérnámsbraut</b>	11	10	11	11
<b>Alls</b>	<b>365</b>	<b>344</b>	<b>379</b>	<b>359</b>

Tafla 6 skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2014	V2015	H2015	V2016
<b>101-109</b>	28	20	34	31
<b>110-113</b>	96	93	93	77
<b>116</b>	20	16	17	18
<b>270-276</b>	177	173	204	195
<b>300</b>	11	11	8	9
<b>Annað</b>	33	31	23	29
<b>Samtals</b>	<b>365</b>	<b>344</b>	<b>379</b>	<b>359</b>

Tafla 7 skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2014	V2015	H2015	V2016
	6	19	14	34

Tafla 7 brautskráningar

#### 4 Aðgerðir til úrbóta

- **Viðhorfskönnun meðal nýnema (árgangur 1999)**

Ákveðið var að leggja könnun fyrir yngstu nemendur skólans til að kanna hvernig þeim gengi að fóta sig á nýju skólastigi. 56% nemenda svöruðu könnuninni og niðurstöður sýndu að full ástæða er til að leggja fleiri kannanir af þessu tagi fyrir yngsta nemendahópinn.

Markmið: Leggja könnun fyrir yngsta nemendahópinn á haustönn 2017.

Ábyrgðamenn: Sjálfsmatshópur.

- **Mat á verkefnatímum**

Niðurstöður úr mati á verkefnatímum voru ræddar á kennarafundi. Ákveðið var að gera tilraun og breyta stundatöflu haustannar þannig að 40 mínúturnar sem fóru í verkefnatíma yrðu alfarið á forræði kennara.

Markmið: Leggja fyrir könnun á viðhorfi nemenda og kennara til þessara breytinga.

Ábyrgðamenn: Sjálfsmatshópur.

- **Matsfundir, mat á kennslu**

Á kennarafundi var endurmetið hver staðan væri varðandi matsfundi. Í ljósi þess að vel gekk að fá nemendur til að ræða um kennsluna var ákveðið að halda áfram með matsfundi á vorönn 2016.

Markmið: Endurmeta matsfundi fyrir haustönn 2016.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Brotthvarf**

Það kemur í ljós þegar rýnt er í brotthvarfstölur að brotthvarf fer minnkandi frá ári til árs. Það á bæði við um einingabrotthvarf og nemendur sem hætta námi.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf enn frekar.

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur.

- **Rýnihópur nemenda sem kom vel út á miðannarmati**

Niðurstöður rýnihópanna voru kynntar á kennarafundi og ljóst er að það þarf að skoða málið frekar.

Markmið: Fara betur yfir niðurstöður og ræða leiðir til úrbóta.

Ábyrgðamenn: Stjórnendur.

- **Viðhorfskönnun**

Ekki hefur tekist að finna leiðir til að auka svarhlutfall nemenda. Færri nemendur svöruðu könnuninni nú en síðast.

Markmið: Halda áfram að finna leiðir til að auka svarhlutfallið.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

Elín Eiríksdóttir, enskukennari/sérkennari

Jón Eggert Bragason, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Inga Þóra Ingadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Kolbrún Ósk Jónsdóttir, kennari á sérnámsbraut og í félagsfræði